



**123. fundur
íþróttaráðs
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
mánudaginn 19. september 2022 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Sverrir Kári Karlsson, Einar Örn Þorvarðarson, Elísabet Berglind Sveinsdóttir, Gunnar Gylfason, Matthías Hjartarson, Sunna Guðmundsdóttir, Thelma Bergmann Árnadóttir, Gunnar Guðmundsson, Jón Júlíusson og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2002676 - Stefnumótun - nefndir ráð

Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar, kynnti vinnu við innleiðingu heildarstefnumótunar Kópavogsbæjar.

Íþróttaráð þakkar góða kynningu.

2. 2002676 - Stefnumótun - nefndir ráð

Encho Plamenov Stoyanov, verkefnastjóri á umhverfissviði kynnti drög að loftslagsstefnu Kópavogsbæjar. Óskað er eftir umsögn íþróttaráðs.

Íþróttaráð þakkar góða kynningu og gerir engar athugasemdir við drögin.

Aðsend erindi

3. 2208756 - Ósk um leyfi fyrir merkingum á mannvirkjum í rekstri Breiðabliks

Lagt fram erindi frá Aðalstjórn Breiðabliks, ódagsett, þar sem félagið óskar eftir að fá að merkja þau íþróttamannvirki bæjarins sem eru í rekstri félagsins með nöfnum styrktaraðila.

Íþróttaráð samþykkir að Breiðablik verði heimilt að merkja þau íþróttamannvirki sem eru í rekstri Breiðabliks nöfnum styrktaraðila félagsins. Mannvirkin heita eftir sem áður sínum upprunalegu nöfnum og merkingar skulu vera í sátt við skipulag og umhverfi sitt í takt við ímynd, ásýnd og stefnu Kópavogsbæjar.

Íþróttaráð vísar erindinu til samþykktar bæjarráðs og bæjarstjórnar.

4. 2208754 - Ósk um úttekt og þarfagreiningu á íþróttamannvirkjum

Lagt fram erindi frá Aðalstjórn Breiðabliks, ódagsett, þar sem óskað er eftir úttekt á nýtingu íþróttamannvirkja í bænum og þarfagreiningu með tilliti til úthlutunar á æfingatímum.

Í menntastefnu Kópavogsbæjar 2021-2030, sem samþykkt var 12. október 2021, er m.a. lögð áhersla á að mæta ólíkum þörfum íbúa til aukinnar hreyfingar í formi uppbyggingar og nýtingu mannvirkja. Hluti aðgerða er

guk